

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Norður-Brekku – neðri hluta.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 18. maí 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Norður-Brekku – neðri hluta.

Breytingin tekur til lóðarinnar Hlíðargötu 2 og felur í sér að hluti byggingarreits stækkar til norðurs fyrir bílskýli. Jafnframt er bætt við skilmálum um að heimilt sé að hafa stoðveggi við aðliggjandi lóðamörk við Oddeyrargötu 34 og 36 og Hlíðargötu 4.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 28. júlí 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 12. ágúst 2022